

Mál nr. 104/2007

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á Hofsvallagötu í Reykjavík við verslunina Melabúðina þann 3.5.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 24.5.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 13.6.2007.
3. Bréf X, dags. 26.6.2007.

Málsatvik.

Bifreiðinni A hafði verið lagt í bifreiðastæði að vestanverðu við Hofsvallagötu við Melabúðina að sunnanverðu við gatnamót Hagamels. Þarna eru fjögur samliggjandi stæði og er ekið inn í þau á ská frá Hofsvallagötu úr norðri. A mun hafa verið lagt í stæðið sem er syðst. Andspænis þremur nyrstu stæðunum er umferðareyja með steinsteyptum kanti sem liggur frá gangbraut að sunnanverðu við gatnamót Hagamels og skilur að umferð á Hofsvallagötu í gagnstæðar áttir. Til suðurs frá umferðareyjuni er svo óbrotin miðlína (L11) og er hún andspænis syðsta bifreiðastæðinu.

Ökumaður A bakkaði úr stæðinu og hugðist aka áfram suður Hofsvallagötu. Bar þá að bifreiðina B sem var ekið norður Hofsvallagötu og beygt til vinstri og hugðist ökumaður hennar leggja í stæði norðan við A. Rákust þá saman vinstra afturhorn A og framanverð vinstri hlið B.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins ók ökumaður B yfir óbrotna miðlínu og vinstra megin við umferðareyju til að leggja í bifreiðastæði norðan við það stæði sem A var lagt í. Þessi óvenjulegi og afbrigðilegi akstursmáti braut þvert gegn ákvæðum 4. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og a. lið 23. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra með síðari breytingum. Ökumaður A gat ekki átt von á ökutæki úr þeirri átt sem B kom. Það verður því ekki virt honum til lasts þótt hann hafi ekki getað varast B áður en árekstur varð. Að þessu athuguðu verður öll sök lögð á ökumann B, en ekki eru efni til að leggja sök á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 17. júlí 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.